

Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra  
Fjármálaráðuneytinu  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. júní 2019

## Efni: Hugmyndir um einkavæðingu Íslandspóst

BSRB mótmælir harðlega hugmyndum fjármála- og efnahagsráðherra um að einkavæða Íslandspóst ohf. Bandalagið telur engin rök fyrir einkavæðingu á póstpjónustu, sem á að vera órjúfanlegur hluti af almannapjónustunni, og telur ljóst að hún myndi hafa í för með sér verri þjónustu og aukinn kostnað fyrir almenning og slæm áhrif á réttindi starfsfólks.

Í viðtali við Fréttablaðið þann 27. júní 2019 kemur fram að fjármála- og efnahagsráðherra vilji stefna að því að einkavæða Íslandspóst við fyrsta tækifæri nú þegar lagaumgjörð um starfsemina sé að komast í betra horf. Ummælin koma í kjölfar úttektar Ríkisendurskoðunar á fyrirtækinu sem gerð var opinber í vikunni.


Póstþjónusta er samfélagsþjónusta rétt eins og heilbrigðisþjónustan, löggæsla, samgöngur og fleira. Þar þarf fyrst og fremst að horfa til þess að almenningi um allt land sé tryggð góð þjónusta. Slíkt er ekki hægt nema almannapjónustan sé í höndum hins opinbera sem skipuleggi, stýri og fjármagni hana með jafnan rétt almennings að leiðarljósi.

Að mati BSRB eru engin haldbær rök fyrir því að einkavæða þjónustuna. Vandí Íslandspóst hefur ekki verið eignarhald félagsins heldur skortur á stefnumótun. Nú þegar endurskipulagning fyrirtækisins er framundan er fráleitt að mati bandalagsins að ætla sér að hefja undirbúning að einkavæðingu Íslandspóst.

Einkavæðing póstpjónustu í Evrópu hefur ekki skilað þeim árangri sem að var stefnt með bættri þjónustu og minni kostnaði. Þvert á móti hefur hún haft í för með sér verri þjónustu, sér í lagi í dreifbýli, hækkandi gjaldskrár og slæm áhrif á vinnuskilyrði og réttindi starfsfólks. Í öðrum heimshlutum hefur verið snúið af braut einkavæðingar, til dæmis í Argentínu þar sem reynslan af einkavæðingu póstpjónustunnar var hörmuleg.

BSRB hvetur til þess að hætt verði við öll áform um frekari einkavæðingu samfélagslega mikilvægra innviða.

Fyrir hönd BSRB



Magnús Már Guðmundsson  
Framkvæmdastjóri